

Knattspyrnudeild KA

Ársreikningur 2020

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Knattspyrnudeildar KA fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2020 námu kr. 228,1 millj. en voru kr. 264,4 millj. kr. árið 2019 og hafa lækkað um 13,7% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 5,7 millj. í samanburði við kr. 5,5 millj. tap árið 2019. Heildareignir námu í árslok kr. 40,9 millj. og eigið fé var kr. 9,7 millj.

Óvenjulegar aðstæður hafa skapast vegna kórónaveirunnar covid-19 og mikil óvissa hefur verið um efnahagsleg áhrif faraldursins. Félagið hefur þurft að gera ýmsar varúðarráðstafanir vegna covid-19 og hafa tekjur félagsins dregist töluvert saman vegna þessa. Á móti hefur félagið náð að draga úr kostnaði og fengið styrki frá ÍSÍ og ríkinu til þess að bæta upp tekjutapið.

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og meðferð á rekstrarrafkomu ársins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Knattspyrnudeildar KA og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Akureyri, 13. mars 2021

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Jóhann Rúnar Sig
Robert Ólaf Krýnsson
Guðrún Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Knattspyrnudeildar KA

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar KA fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álití

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnudeild KA í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnudeildar KA. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarrinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 13. mars 2021

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, 600 Akureyri



Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Miðasala.....		3.656.200	5.701.650
Auglýsingar og samstarfsaðilar.....		52.405.052	61.966.039
Útsendingarréttur.....		12.402.083	12.470.417
Aðrar rekstrartekjur.....		<u>159.641.466</u>	<u>184.221.021</u>
		<u>228.104.801</u>	<u>264.359.127</u>
Rekstrargjöld			
Vörukaup og kostnaður vegna fjáraflana.....		17.002.969	16.721.518
Laun og launatengd gjöld.....	3	116.182.574	125.629.510
Rekstur mannvirkja.....		300.498	617.616
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður.....		3.002.925	3.833.217
Annar rekstrarkostnaður.....		85.774.668	118.443.742
Afskriftir og niðurfærslur.....	4	<u>856.524</u>	<u>801.596</u>
		<u>223.120.158</u>	<u>266.047.199</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)			
		4.984.643	(1.688.072)
Hlutdeild í rekstri Þór/KA	7	532.113	(3.075.349)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur.....		531.757	204.203
Vaxtagjöld og verðbætur.....		<u>(364.507)</u>	<u>(980.514)</u>
		<u>167.250</u>	<u>(776.311)</u>
Hagnaður (tap) ársins			
		<u>5.684.005</u>	<u>(5.539.732)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld og búnaður.....	4	1.691.168	2.174.359
Leikmenn.....	4	4.200.000	4.073.333
		<hr/> 5.891.168	<hr/> 6.247.692
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum.....	7	1.620.155	0
Fastafjármunir samtals		7.511.322	6.247.692
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	5	5.090.859	7.393.728
Aðrar skammtímakröfur.....		1.410.070	10.431.650
Handbært fé.....		<hr/> 26.865.857	<hr/> 18.703.160
		<hr/> 33.366.786	<hr/> 36.528.538
Eignir samtals		40.878.108	42.776.230
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur.....	6	9.738.310	3.004.305
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir.....		3.966.853	4.033.644
Viðskiptaskuldir.....		12.615.857	18.228.530
Fyrirframinnheimtar tekjur.....		9.766.072	8.790.967
Aðrar skammtímaskuldir.....		<hr/> 4.791.016	<hr/> 8.718.784
		<hr/> 31.139.798	<hr/> 39.771.925
Eigið fé og skuldir samtals		40.878.108	42.776.230

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Hagnaður (tap) ársins.....		5.684.005	(5.539.732)
Afskriftir.....	4	856.524	801.596
Aðrir liðir.....		(270.155)	(13.610.009)
		<u>6.270.375</u>	<u>(18.348.145)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun).....		11.324.449	(1.767.224)
Vörubirgðir lækkun (hækkun).....		0	707.566
Skammtímaskuldir (lækkun) hækkun.....		(9.540.441)	8.082.669
		<u>1.784.008</u>	<u>7.023.011</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>8.054.383</u>	<u>(11.325.134)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð áhaldia og tækja.....		0	(2.415.954)
Söluverð leikmanna.....		200.000	16.523.400
Kaupverð leikmanna.....	4	(1.000.000)	(200.000)
		<u>(800.000)</u>	<u>13.907.446</u>
Fjármögnumnarhreyfingar			
Skammtímaián, breyting.....		908.314	(277.625)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		8.162.697	2.304.687
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>18.703.160</u>	<u>16.398.473</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>26.865.857</u>	<u>18.703.160</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Knattspyrnudeild KA er deild innan Knattspyrnufélags Akureyrar. Ársreikningur deildarinnar er hluti af samstæðuuppgjöri Knattspyrnufélags Akureyrar. Undir ársreikning deildarinnar falla Knattspyrnudeild KA kt. 510991-1849 og Unglingaráð knattspyrnudeilda KA kt. 490101-2330. Aðsetur félagsins er að Dalsbraut, 600 Akureyri.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Knattspyrnudeilda KA er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Einnig er horft til ákvæða í leyfiskerfi KSÍ. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs- reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Óefnislegar eignir

Verðgildi leikmanna er metið samkvæmt viðeigandi stuðlum um áramót. Heildarverðgildi leikmanna samkvæmt því mati er fært til eignar sem óefnislegar eignir meðal fastafjármuna. Endurmat á verðgildi leikmanna (þ.e. breyting á verðgildi leikmanns miðað við stuðul frá fyrra tímabili) færst á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárlíða.

Leikmenn eru metnir á kaupverði séu leikmenn keyptir á hærra verði en stuðull segir til um, mismunur kaupverðs og stuðuls er afskrifaður í rekstrarreikningi á samningstíma leikmanns.

Hagnaður eða tap vegna sölu leikmanna er mismunur á milli söluverðs og stuðuls/bókfærðs verðs og er tekjufært/gjalfært á söluári.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun og verktakagreiðslur.....	65.656.102	53.531.550
Dagpeningar og tengdar greiðslur	43.762.464	63.069.614
Launatengd gjöld	12.117.854	10.140.972
Tryggingabætur vegna launa.....	(5.353.846)	(1.112.626)
	116.182.574	125.629.510

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2020 námu 2,7 milljónum króna.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og búnaður	Leikmenn	Samtals
Bókfært verð í ársþyrjun	2.174.359	4.073.333	6.247.692
Viðbót ársins	0	1.000.000	1.000.000
Selt á árinu	0	(100.000)	(100.000)
Matsbreytingar	0	(400.000)	(400.000)
Afskriftir	(483.191)	(373.333)	(856.524)
Bókfært verð í árslok	1.691.168	4.200.000	5.891.168

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12 2020	31.12 2019
Viðskiptakröfur.....	16.857.417	17.853.279
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(11.766.558)	(10.459.551)
	5.090.859	7.393.728

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrr á ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	2020	2019
Staða í upphafi ársins.....	10.459.551	7.236.851
Framlag í afskriftareikning.....	1.307.007	3.222.700
	11.766.558	10.459.551

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Yfirfært frá fyrra ári	3.004.305
Matsbreytingar	1.050.000
Rekstrarniðurstaða ársins	5.684.005
Eigið fé í árslok.....	9.738.310

Skýringar

7. Aðrar upplýsingar

Hlutdeildartekjur

Knattspyrnufélag Akureyrar og Íþróttafélagið Þór hafa gert með sér samstarfssamning um rekstur og uppbyggingu knattspyrnu kvenna á vegum félaganna á Akureyri. Samkvæmt viðauka við samninginn skal rekstrarniðurstöðu hvers uppgjörsárs hjá Þór/KA skipt til jafns milli félaganna. Hlutdeild í rekstri Þórs/KA sem kemur fram í rekstrarreikningi er byggð á uppgjöri félagsins fyrir árið 2020.

Upplýsingaskrá um leikmenn

Sjá upplýsingatöflu skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa.

Félagaskipti

Sjá félagaskiptatöflur skv. uppsetningu KSÍ í Tækjakassa.